

Atvinnumálanefnd Alþingis  
Alþingishúsið  
Reykjavík  
althingi.is

Finnur Ricart Andrason  
Nemi í sjálfbærni vísindum við Utrecht háskóla  
finnurricart@hotmail.com  
17.01.2022

**Umsögn við frumvarpi að breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi)**

152. löggjafarþing 2021-2022.  
Þingskjal 15 - 15. Mál

Út frá siðferðis- og umhverfissjónarmiðum talar þetta frumvarp fyrir nauðsynlegum breytingum.

Þegar blóðmerahald er tekið til umræðu er mikilvægt að horfa á stærra samhengið, á heildarmyndina. Við þurfum að spyrja okkur, hvers vegna er þessi iðnaður stundaður? Hvers vegna er talið nauðsynlegt að draga blóð úr fylfullum merum?

Jú, vegna þess að úr þessu blóði er unnin hormónin eCG sem er notuð til að framleiða kjöt til neyslu manna.<sup>1</sup> Fólk þarf ekki að borða kjöt; við getum fengið öll okkar næringarefni og mætt næringarþörfum okkar án þess að neyta dýraafurða.<sup>2</sup> Þetta þýðir að framleiðsla og neysla á dýraafurðum er val en ekki nauðsyn.

**Umhverfisáhrif dýraafurða**

Meðal Íslendingurinn borðar of mikið kjöt miðað við vistfræðileg mörk Jarðarinnar og þarf að draga úr kjötneyslu á heimsvísu til að koma í veg fyrir verstu afleiðingar loftslagsbreytinga.<sup>3</sup> Með öðrum orðum, þá er kjötneysla á Íslandi ósjálfbær og skerðir því lífsgæði framtíðarkynslóða með því að valda skaða á loftslagi og vistkerfum Jarðar. Blóðmerahald er hluti af þessari ósjálfbæru, og því ósiðferðilegu starfsemi.

---

<sup>1</sup> F. De Rensis, and F. López-Gatius (2014). Use of equine chorionic gonadotropin to control reproduction of the dairy cow: a review. National Library of Medicine. [https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/24456154/#:~:text=Equine%20chorionic%20gonadotropin%20\(eCG\)%20is,LH%20receptors%20in%20the%20ovaries](https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/24456154/#:~:text=Equine%20chorionic%20gonadotropin%20(eCG)%20is,LH%20receptors%20in%20the%20ovaries).

<sup>2</sup> The Vegan Diet (2018). National Health Service. <https://www.nhs.uk/live-well/eat-well/the-vegan-diet/>

<sup>3</sup> Quirin Schiermeier (2019). Eat less meat: UN climate-change report calls for change to human diet. Nature. <https://www.nature.com/articles/d41586-019-02409-7>

Umhverfisáhrif framleiðslu dýraafurða eru gríðarlega mikil. Til að nefna nokkrar tölur þá veldur framleiðsla á dýraafurðum 56% af allri losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði í heiminum,<sup>4</sup> og tekur hún undir sig 77% af því flatarmáli sem landbúnaður er stundaður á, en skilar aðeins 18% af kaloríum heimsbyggðarinnar.<sup>5</sup> Neikvæð umhverfisáhrif vegna framleiðslu dýraafurða eru því meiri heldur en framleiðsla á matvælum úr plönturíkinu, bæði þegar litið er á heildarmyndina og hlutfallslega ef áhrifunum er deilt niður á kaloríur eða grömm af próteini.

Einnig má nefna falinn kostnað neyslu dýraafurða fyrir heilbrigðiskerfið þar sem óhófleg neysla þeirra veldur oft sjúkdómum í æðum og hjarta fólks, og fer því kostnaður í að hlúa að þessum sjúklingum sem hægt er að koma í veg fyrir.<sup>6</sup>

### **Ofbeldi gegn dýrum**

Það er ekkert sem réttlætir blóðtöku á fylfullum merum, þó svo að þær yrðu ekki fyrir ofbeldi; en sannanir eru til fyrir því að þær verða fyrir ofbeldi. Hvort sem að þau myndbönd sem hafa verið gerð opinber eru klippt eða ekki þá átti þetta ofbeldi sér stað. Það þarf ekki heildarmyndina, eða marga klukkutíma af myndefni þar sem hryssurnar verða ekki fyrir ofbeldi, til að sjá að þær verða í raun og veru fyrir ofbeldi.

Til viðbótar, þá er þeim folöldum sem merarnar ganga með á meðan blóðtökunni stendur oft slátrað. Eini tilgangur margra þessara folalda er því að vaxa og dafna í kviði móður sinnar til að hún framleiði eCG og deyja svo.<sup>7</sup>

### **Að lokum**

Réttlætir skammtímagleði kjötneytenda þann skaða sem verður á náttúrunni, þær loftslagsbreytingar sem verða, og þá dýranið sem verður í sumum tilfellum í þessum blóðmerahalds iðnaði?

Svarið er einfaldlega nei. Þegar á heildarmyndina er horft er ekkert sem réttlætir það að skammtímagleði kjötneytenda komi niður á lífskjörum framtíðarkynslóða og vellíðan dýra. Þó svo að blóðmerahald skapi atvinnu á Íslandi í dag kemur starfssemin niður á dýrum, umhverfinu og framtíðarkynslóðum. Þetta er ekki ásættanlegt og þarf því að breyta kerfinu þannig að bændur þurfa ekki að stunda þennan iðnað til að lifa. Það þarf að breyta lögum og beita ríkisstyrki mun

---

<sup>4</sup> Hanna Ritchie (2019). "Food production is responsible for one-quarter of the world's greenhouse gas emissions". Our World In Data. <https://ourworldindata.org/food-ghg-emissions>

<sup>5</sup> Hannah Ritchie and Max Roser (2021). Environmental Impacts of Food Production. Our World In Data. <https://ourworldindata.org/environmental-impacts-of-food?country=>

<sup>6</sup> Marco Springman (2018). Health-motivated taxes on red and processed meat: A modelling study on optimal tax levels and associated health impacts. National Center for Biotechnology Information. <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC6219766/>

<sup>7</sup> Sjá umsögn Dýralæknafélags Íslands frá árinu 2021. <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-2374.pdf>

betur til að draga úr ósjálfbærum landbúnaðar aðferðum og styðja við sjálfbærann landbúnað í staðin.

Þetta frumvarp þarf að samþykkja og verður það hluti af þessum kerfislægu breytingum sem þurfa að eiga sér stað til að standa vörð um náttúru Íslands, loftslag Jarðar, og lífskjör framtíðarkynslóða. Þetta frumvarp verður einnig hluti af siðferðilegum framförum okkar sem þjóðar.

Fleiri laga- og stefnubreytingar þurfa að eiga sér stað til að byggja sjálfbærri og siðferðilegri landbúnað og samfélag, en er þetta frumvarp er gott fyrsta skref.

Og til að minna stjórnvöld að lokum á þeirra eigin loforð þá segjast þau ætla að hafa vísindalega þekkingu sem „undirstöðu allra aðgerða [þeirra] í loftslagsmálum og sjálfbærni”.<sup>8</sup> Ef stjórnvöld vilja standa við eigin loforð þá þurfa þau að samþykkja þetta frumvarp þar sem fremstu vísindin eru skýr um að þessi iðnaður stuðli að ósjálfbærri framleiðslu og neyslu.

---

<sup>8</sup> Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarfokks, Sjálfstæðisfokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs (2021).